

**50** febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Islandi 26. maí 1863. Um leið og jeg sendi lögín eins og þau voru samþykkt af alþingi sem og í danskri þýðingu, 14. apríl skal jeg leyfa mjer lotningarfyllst að taka fram það, sem hjer segir.

Tilgangurinn með áðurnefndu lagafrumvarpi er sá, að koma í veg fyrir að farið verði kring um fyrnefnd lög 2. febrúar 1894 á þann hátt að lausamaður segi rangt frá ársheimili sínu samkvæmt 3. gr. laganna eða skýri ranglega frá, að hann sje í vist hjá nafngreindum manni. Hvað hið fyrnefnda atriði snertir, reynir lagafrumvarpið að koma í veg fyrir að farið verði kring um lögín á þann veg, með því að skylda hvern lausamann til, að viðlögðum sektum, þegar þess er krafizt og hvar sem hann er staddur, að bafa til sýnis auk lausamennsku leyfisbrjefsins einnig skírteini það, sem ræðir um í fyrnefndri lagagrein, staðfest af hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta. Sömuleiðis er reynt að koma í veg fyrir, að skýrt sje rangt frá vist, með því að skylda hvern húsbónda, sem lætur hjú sitt leita atvinnu sem kaupamaður eða þess háttar í annari sveit, til að láta það hafa sams konar staðfest skírteini um stöðu þess og heimili, þannig að sjerhver, sem segist vera í vist og getur ekki sýnt þess háttar skírteini, verður fyrir sektum samkvæmt lagafrumvarpinu.

Þar sem enn fremur sú lögleysa var farin að tíðkast, að lausamenn vistuðu til sín einhleypa menn sem hjú, er lausamönnum bannað í lagafrumvarpinu að viðlögðum tilfinnanlegum sektum að halda hjú. Loks er tekið upp í lagafrumvarpið ákvæði um, að þeir karlar eða konur, sem stundi nám í föstum skólum að minnsta kosti sex mánuði af árinu, sjeu undanþegnir vistarskyldunni það ár, þar sem það þótti leika efi á um það, hvort karlar eða konur, sem gengju á gagnfræðaskóla eða kvennaskóla, væru þess háttar undanþágu aðnjótandi, en fyrir flesta er hún skilyrði fyrir því, að þeir geti menntað sig á þennan hátt, þar sem þeir nota sumarleyfið til þess sem kaupamenn eða á aunan líkan hátt að vinna sjer inn það, sem með þarf til að kosta sig á skólanum.

Með þessum athugasendum leyfi jeg mér lotningarfyllst að láta þá skoðun mína í ljósi, að lagafrumvarp það, sem hjer liggur fyrir, sje vel til þess fallið að mælt verði fram með að það hljóti allrahesta staðfestingu.

**51** Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um erfðafestu á landi Isafjarðarkaupstaðar. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m., hafid þjer, herra bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar á Ísafirði beiðzt þess, að jeg samþykki þá breyting á skilmálum þeim, sem settir eru með brjefi mínu 23. oktbr. 1891 (Stj.tíð 1891 B, bls. 174—175) um útmæling til erfðafestu á landi kaupstaðarins til túnaræktunar, að veita megi lóðarstykkinn eptirgjaldslaust 5 fyrstu árin til túnaræktunar, og að samþykkið til erfðafestuútmælinga megi einnig ná til engja jarðarinnar Stakkaness og Seljalands, sem kaupstaðurinn nú er orðinn eigiandi að.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni, að jeg hjer með veiti hið umbeðna samþykki.

**52** Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna yfir Islandi um breyting á lántöku- 6. apríl leyfi handa prestakalli. — Með brjefi, dagsettu 15. f. m., hafa hin heidruðu stíptsyfirvöld sent hingað erindi, dagsett 9. desbr. f. á., frá prestinum í Árnesi í